

Júní 2013

Forsíðumyndir:
Efri hægrí: Fjöll í Kelduhverfi, Óli Halldórsson
Neðri vinstri: Æðarblikar, Náttúrustofa Norðausturlands
Neðri hægrí: Borhola við Bjarnarflag, Náttúrustofa Norðausturlands

Þekkingarnet Þingeyinga
Ábyrgð og ritstjórn: Óli Halldórsson

Framkvæmd:
Óli Halldórsson
Aðalsteinn J. Halldórsson
Rakel Dísella Magnúsdóttir

SAMANTEKT

Markmið rannsóknarinnar er að kanna aðgengileika og skilvirkni mats á umhverfisáhrifum framkvæmda með sérstakri áherslu á stöðu og aðkomu almennings.

Um er að ræða viðhorfsrannsókn á tilteknu svæði og tímabili sem byggir á gögnum úr mati á umhverfisáhrifum framkvæmda sem fyrirhugaðar voru á norðausturhorni landsins (frá Vaðlaheiði að Bakkafirði) á árabílinu 2006-2011. Rannsóknin er tvískipt. Fyrri hlutinn byggir á tölvupóstkönnun sem lögð var fyrir tæmandi lista þeirra aðila sem komu með formlegum hætti að mati á umhverfisáhrifum innan fyrrgreinds rannsóknarramma (svörun: 68/83 - 82%). Síðari hlutinn byggir á áþekkri spurningakönnun sem lögð var fyrir úrtak úr þjóðskrá innan sama rannsóknasvæðis og -tímabils með símaúthringingum (svörun: 277/598 - 46,3%).

Formlegt aðgengi almennings að matsferlinu virðist viðunandi og löggjöf ekki í meginatriðum ábótavant hvað þetta varðar. Þrátt fyrir það kemur glögglega fram að almenningur kemur lítið að mati á umhverfisáhrifum framkvæmda, er frekar hlutlaus gagnvart ferlinu og virðist ekki hafa mikla þekkingu á því. Fram koma þær skoðanir að einfalda þurfi matsferlið, t.a.m. með styttingu eða með því að draga úr kröfum um nákvæmni framlagðra gagna.

Úrbóta er þörf til að auka tiltrú almennings og þátttöku í mati á umhverfisáhrifum. Auka mætti og breyta kynningu, efla almenna fræðslu, sérsníða leiðbeiningar fyrir almenning, bæta vinsun í ferlinu og jafnvel breyta orðfæri og hutakanotkun.

MYNDASKRÁ

| | |
|---|----|
| Mynd 1. Skipting þátttakenda í könnuninni á milli hópa | 4 |
| Mynd 2. Hversu mörgum verkefnum í mati á umhverfisáhrifum hefur þú komið að með formlegum hætti? | 5 |
| Mynd 3. Hversu skýr telur þú lög nr. 106/2000 og reglugerð nr. 1123/2005 um mat á umhverfisáhrifum vera? | 6 |
| Mynd 4. Telur þú að aðgengi almennings að mati á umhverfisáhrifum sé nægjanlega tryggt, með lögum nr. 106/2000 og reglugerð nr. 1123/2005 um mat á umhverfisáhrifum? | 7 |
| Mynd 5. Vinsamlegast raðaðu eftirfarandi markmiðum sbr. ákvæði 1. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum eftir mikilvægi, þar sem 1 er mikilvægast. | 8 |
| Mynd 6. Telur þú að framlag þitt til matsferlisins sé líklegt til að hafa áhrif á endanlega útfærslu framkvæmdar og þar með umhverfisáhrif hennar? | 9 |
| Mynd 7. Hversu mikil/lítil áhrif telur þú að almenningur hafi á mat á umhverfisáhrifum? | 10 |
| Mynd 8. Með hvaða hætti telur þú að hægt væri að efla aðkomu almennings að mati á umhverfisáhrifum? | 11 |
| Mynd 9. Hversu skilvirk finnst þér afgreiðsla/málsmeðferð í eftirfarandi þáttum ferlisins: Við ákvörðun mats skyldu, við vinnslu matsáætlunar, við vinnslu frummatsskýrslu, við vinnslu matsskýrslu? | 12 |
| Mynd 10. Telur þú að einfalda þurfi málsmeðferð við mat á umhverfisáhrifum? | 13 |
| Mynd 11. Hvernig telur þú að einfalda megi málsmeðferð við mat á umhverfisáhrifum? | 14 |
| Mynd 12. Mat á umhverfisáhrifum skilar almennt góðum árangri sem tæki til umhverfisstjórnunar miðað við þann tíma, mannafla og fjármuni sem ferlið útheimtir. | 15 |
| Mynd 13. Við mat á umhverfisáhrifum fer of mikil vinna í umhverfisþætti sem litlu máli skipta þegar upp er staðið. | 16 |
| Mynd 14. Hvernig finnst þér kennsla og þjálfun í mati á umhverfisáhrifum vera á Íslandi? | 17 |
| Mynd 15. Finnst þér þörf á að auka rannsóknir á mati á umhverfisáhrifum? | 18 |
| Mynd 16. Hversu einfalda/flókna telur þú málsmeðferð mats á umhverfisáhrifum vera? | 19 |
| Mynd 17. Hefur þú komið að mati á umhverfisáhrifum framkvæmda? | 21 |
| Mynd 18. Með hvaða hætti hefur þú komið að mati á umhverfisáhrifum framkvæmda? | 22 |
| Mynd 19. Telur þú að aðgengi almennings að mati á umhverfisáhrifum sé nægjanlega tryggt? | 23 |
| Mynd 20. Telur þú að þátttaka almennings í mati á umhverfisáhrifum sé líkleg til að hafa áhrif á endanlega útfærslu framkvæmdar og þar með umhverfisáhrif hennar? | 24 |
| Mynd 21. Hversu mikil/lítil áhrif telur þú að almenningur hafi á mat á umhverfisáhrifum? | 25 |
| Mynd 22. Með hvaða hætti telur þú að hægt væri að efla aðkomu almennings að mati á umhverfisáhrifum (hér mátti merkja við fleiri en einn valkost)? | 26 |
| Mynd 23. Telur þú að einfalda þurfi málsmeðferð við mat á umhverfisáhrifum? | 27 |
| Mynd 24. Hvernig telur þú að einfalda megi málsmeðferð við mat á umhverfisáhrifum? | 28 |
| Mynd 25. Mat á umhverfisáhrifum skilar almennt góðum árangri sem tæki til umhverfisstjórnunar miðað við þann tíma, mannafla og fjármuni sem ferlið útheimtir. | 30 |
| Mynd 26. Við mat á umhverfisáhrifum fer of mikil vinna í umhverfisþætti sem litlu máli skipta þegar upp er staðið. | 31 |
| Mynd 27. Hversu einfalda/flókna telur þú málsmeðferð mats á umhverfisáhrifum vera? | 32 |
| Mynd 28. Mismunur á skoðunum málsaðila og almennings á því hvort aðgengi að mati á umhverfisáhrifum sé gott. | 35 |
| Mynd 31. „Mat á umhverfisáhrifum skilar almennt góðum árangri sem tæki til umhverfisstjórnunar miðað við þann tíma, mannafla og fjármuni sem ferlið útheimtir“. Samanburður á svörum málsaðila og almennings. | 36 |
| Mynd 32. Samanburður á svörum málsaðila og almennings við fullyrðingunni: „Við mat á umhverfisáhrifum fer of mikil vinna í umhverfisþætti sem litlu máli skipta þegar upp er staðið“ | 36 |

Efnisyfirlit

| | |
|------------------------------------|----|
| 1. Inngangur..... | 1 |
| 1.1 Efni og markmið | 1 |
| 1.2 Aðferðir..... | 1 |
| 2. Viðhorf málsaðila..... | 3 |
| 2.1 Framkvæmd könnunar | 3 |
| 2.2 Svör málsaðila..... | 4 |
| 3. Viðhorf almennings | 21 |
| 2.1 Framkvæmd könnunar | 21 |
| 2.2 Svör almennings | 21 |
| 4. Niðurstöður | 33 |
| 4.1 Niðurstaða - málsaðilar | 33 |
| 4.2 Niðurstaða – almenningur..... | 33 |
| 4.3 Niðurstaða - samanburður | 34 |
| 5. Umræða..... | 39 |
| Heimildaskrá..... | 41 |
| Viðauki 1..... | 43 |
| Viðauki 2..... | 45 |

1. INNGANGUR

1.1 Efni og markmið

Markmið þessarar rannsóknar er að kanna aðgengileika og skilvirkni mats á umhverfisáhrifum framkvæmda með sérstakri áherslu á stöðu og aðkomu almennings. Athugað verður hvort framkvæmd og framsetning laganna sé til þess fallin að ná markmiðum og tilgangi þeirra hvað varðar aðkomu almennings.

Fjölmargir aðilar koma að mati á umhverfisáhrifum; opinberir aðilar, framkvæmdaraðilar, ráðgjafar, sveitarstjórnir og almenningur sem á grundvelli eigin hagsmuna, eða áhuga, lætur sig framkvæmdir varða. Einnig er stór hópur almennra borgara sem ekki tekur þátt í mati á umhverfisáhrifum með neinum hætti.

Um er að ræða viðhorfsrannsókn þar sem reynt er að leita svara við ofangreindum spurningum út frá sjónarhóli þessara fjölmörgu aðila, bæði þeirra sem tekið hafa þátt í matsferlinu og almennings sem ekki endilega hefur tengsl við mat á umhverfisáhrifum.

Rannsóknin afmarkast bæði í tíma og rúmi. Tímabilið er árin 2006-2011, en upphafið miðast við fyrsta ár eftir viðamiklar breytingar á lögum um mat á umhverfisáhrifum árið 2005. Könnunin tekur eingöngu til framkvæmda sem metin voru umhverfisáhrif af eftir að þær lagabreytingar tóku gildi. Rannsóknasvæðið er norðausturhorn landsins, Þingeyjarsýslur frá Vaðlaheiði í vestri til Bakkafjarðar í austri¹. Með þessari afmörkun er rammi settur utan um rannsóknina og viðfangsefni og þátttakendur skilgreind. Gert er ráð fyrir að niðurstöður sem unnar eru með þessum hætti innan slíkra marka hafi töluvert yfirfærslugildi á önnur svæði og landið í heild.

1.2 Aðferðir

Nálgun rannsóknarinnar er í meginatriðum í tveimur hlutum:

a) Málsaðilar

Fyrri hluti rannsóknarinnar felst í *tölvupóstkönnun*² þar sem viðhorf aðila, sem beina aðkomu höfðu að mati á umhverfisáhrifum framkvæmda innan rannsóknatímans og -rammans, er kannað. Þessir aðilar eru starfsfólk stofnana og fyrirtækja sem komu að matsvinnu með einhverjum hætti sem og einstaklingar sem gert hafa formlegar athugasemdir í matsferlinu. Ekki er tekið úrtak innan rannsóknarammans heldur unnið með tæmandi lista þeirra aðila sem komu með formlegum hætti að mati á umhverfisáhrifum framkvæmda innan þessa þessa svæðis- og tímamarka. Haft var samband við alla lögaðila sem áttu formlega aðkomu að málsmeðferð mats á umhverfisáhrifum framkvæmda innan rannsóknarammans, fyrirtæki, stofnanir, félög og einstaklinga. Það á við um þá einstaklinga sem komu að ritun matsskýrslna, gerð umsagna og athugasemda. Sjá könnunina í viðauka 1.

¹ Nánar tilgreint innan sveitarfélagsmarka Þingeyjarsveitar, Skútustaðahrepps, Norðurþings, Tjörneshrepps, Svalbarðshrepps og Langanesbyggðar.

² Póstkannanaforritið SurveyMonkey notað til útsendingar og utanumhalds svara.

b) *Almenningur*

Síðari hluti rannsóknarinnar snýr að viðhorfum almennra borgara til mats á umhverfisáhrifum. Tekið var slembiúrtak meðal íbúa á rannsóknasvæðinu og viðhorf þeirra kannað með símakönnun, burtséð frá því hvort svarendur hefðu komið að mati á umhverfisáhrifum eða ekki. Símakönnunin var framkvæmd í mars 2013. Sjá könnunina í viðauka 2.

Kannir sem eru að einhverju leyti sambærilegar hafa áður verið gerðar þó nokkur munur hafi verið á útfærslu þeirra, m.a. markhópi og úrtaksstærð. Sú síðasta var gerð árið 2010 og var haft samráð við höfunda við mótun spurninganna svo bera mætti saman niðurstöður að einhverju leyti síðar, til að mynda athuga hvort viðhorf eða áherslur hafi breyst o.s.frv.³ Rannsókn þessi er þó frábrugðin fyrri könnunum þar sem enn frekar er leitast við að kanna afstöðu almennings, á meðan fyrri kannanir hafa almennt snúið meira að fagaðilum sem starfa við mat á umhverfisáhrifum.

Viðfangsefninu er í skýrslunni skipt í nokkra meginkafla þar sem efni hvers og eins þeirra verður krufið nánar í undirköflum. Svör hvorrar könnunar fyrir sig birt með skýringum og svo dregnar fram niðurstöður í öðrum kafla.

Undirliggjandi viðfangsefni allrar þessarar vinnu er aðkoma almennings að mati á umhverfisáhrifum. Eitt af markmiðum laga um mat á umhverfisáhrifum er einmitt að kynna umhverfisáhrif framkvæmda fyrir almenningi og auka þannig umhverfisvitund. Rannsóknin beinir m.a. sjónum að því hvort þeim markmiðum sem að er stefnt sé náð. Er framkvæmd í samræmi við það sem stefnt er að? Fyrir hvern er mat á umhverfisáhrifum? Hefur almenningur viðunandi aðgang að mati á umhverfisáhrifum? Er þörf á úrbótum? Leitað er svara við þessum spurningum með úrvinnslu fyrrgreindra tveggja viðhorfskannana og samanburði á niðurstöðum þeirra.

³ VSÓ-ráðgjöf. (2011). *Skilvirkni mats á umhverfisáhrifum. Viðhorf framkvæmdaraðila, umsagnaraðila, sérfræðinga, ráðgjafa og hagsmunaaðila. (Tölvupóstkönnun meðal fagaðila; Úrtak: 180, svörun 50/28%).*

2. VIÐHORF MÁLSAÐILA

2.1 Framkvæmd könnunar

Rannsóknarhópurinn í þessum hluta var eins og áður hefur verið rakið skilgreindur út frá þeim lögaðilum sem komu með formlegum hætti að matsferli framkvæmda sem metin voru umhverfisáhrif af í Þingeyjarsýslum á árabílinu frá 2006-2011. Ekki var því um úrtak úr hópnum að ræða heldur leitast við að ná til allra aðila sem komu með formlegum hætti að ferlinu með matsskýrslugerð, umsögnum eða athugasemdum.⁴ Í upphafi var haft samband við starfsmenn opinberra stofnana og sveitarfélaga sem komið höfðu að matsvinnu, yfirleitt með umsögnum. Í einhverjum tilvikum gáfu þessir aðilar upp fleiri nöfn og netföng samstarfsfólks innan sömu stofnunar sem einnig hafði komið að matsvinnu viðkomandi framkvæmda. Jafnframt var hringt í alla þá einstaklinga sem í eigin nafni eða fyrir hönd félagasamtaka gerðu athugasemdir í samræmi við ákvæði laga og reglugerðar um mat á umhverfisáhrifum, á því svæði og tímabili sem könnunin náði til. Þá var með sama hætti haft samband við þá framkvæmdaraðila og ráðgjafa sem stóðu að mati á umhverfisáhrifum innan sama ramma. Aðilum var kynnt fyrirhuguð könnun og þeim gefinn kostur á að koma sínum sjónarmiðum á framfæri símléiðis. Langflestir voru tilbúnir að svara könnuninni. Enn fremur var brýnt fyrir aðilum mikilvægi þess að svara svo svörun yrði sem best og gæfi sem réttasta mynd. Í framhaldi af því var könnunin send 83 aðilum með rafrænum hætti:

- 21 opinber umsagnaraðili,
- 30 einstaklingar eða félagasamtök (almeningur),
- 9 ráðgjafar,
- 13 framkvæmdaraðilar
- 10 sveitarstjórnarmenn.

Könnunin var send viðtakendum í tölvupósti þann 11. desember 2012 og gefnir 7 dagar til að svara. Tvisvar var send ítrekun til að tryggja frekari svörun. Svarhlutfall var mjög gott eða um 82%, og ætti að gefa góða mynd af viðhorfi aðila sem að málum koma. Þátttakendum var gefinn kostur á því að sleppa einstökum spurningum. Ennfremur voru þeir hvattir til þess að koma sjónarmiðum sínum á framfæri í athugasemdadálkum. Athugasemdir þátttakenda eru birtar með niðurstöðum þar sem við á.

⁴ Að höfðu samráði við Skipulagsstofnun var ekki leitað viðhorfs starfsfólks stofnunarinnar í könnuninni. Rannsóknin einskorðaðist við framkvæmdaraðila, ráðgjafa, umsagnaraðila og almenning/félagasamtök sem sent höfðu inn athugasemdir.


2.2 Svör málsaðila

Hér eru birt svör könnunarinnar ásamt athugasemdum sem gerðar voru. Fjallað er stuttlega um hverja spurningu fyrir sig í þeirri röð sem þær voru lagðar fyrir. Sex aðilar luku ekki könnuninni og þá kusu nokkrir þátttakendur að sleppa einstökum spurningum.

Spurningar 1-4: Upplýsingar um þátttakendur

Alls svöruðu 68 af 83 könnuninni. 34,3% þátttakenda var á aldrinum 26-45 ára, en meirihlutinn eða 65,7% voru eldri en 45 ára. Þá reyndust flestir eða 60% búsettir á höfuðborgarsvæðinu og um 30% á Norður- og Austurlandi.


Af þeim 68 sem svöruðu könnuninni skiptust þátttakendur þannig í hópa: 19 opinberir umsagnaraðilar, 22 einstaklingar eða félagasamtök (almenningur), 12 ráðgjafar, 14 framkvæmdaraðilar og níu sveitarstjórnarmenn. Sumir þátttakenda höfðu komið að málum með fleiri en einum hætti til dæmis bæði sem umsagnaraðili og ráðgjafi.



Mynd 1. Skipting þátttakenda í könnuninni á milli hópa

Í **spurningu 5** voru þátttakendur spurðir að því hversu mörgum verkefnum í mati á umhverfisáhrifum þeir hafi komið að með formlegum hætti.


Eins og sjá má á mynd 2 höfðu 74% þátttakenda komið að þremur eða fleiri matsverkefnum og þar af 53% komið að fleiri en fimm, og höfðu því nokkra reynslu af ferlinu.



Mynd 2. Hversu mörgum verkefnum í mati á umhverfisáhrifum hefur þú komið að með formlegum hætti?

Í **spurningu 6** voru þátttakendur spurðir hversu skýr þeir telji lög nr. 106/2000 og reglugerð nr. 1123/2005 um mat á umhverfisáhrifum vera.


47,4% svarenda þótti lög nr. 106/2000 frekar eða mjög skýr, en 8,8% frekar eða mjög óskýr. Þá þótti 42,9% svarenda reglugerð nr. 1123/2005 frekar eða mjög skýr, en 9% frekar eða mjög óskýr. Sjá nánar á mynd 3.



Mynd 3. Hversu skýr telur þú lög nr. 106/2000 og reglugerð nr. 1123/2005 um mat á umhverfisáhrifum vera?

Í **spurningu 7** voru þátttakendur spurðir hvort þeim fyndist aðgengi almennings að matsferlinu nægilega tryggt.

49,2% svöruðu spurningunni játandi, 22,2% neitandi og 28,6% sögðust ekki vita það. Jafnframt var boðið upp á að skrifa athugasemdir.



Mynd 4. Telur þú að aðgengi almennings að mati á umhverfisáhrifum sé nægjanlega tryggt, með lögum nr. 106/2000 og reglugerð nr. 1123/2005 um mat á umhverfisáhrifum?

Athugasemdir:

„Aðgengi er eitt, en getan til að taka þátt í þessum lýðræðislegu ferlum er allt [önnur] og oft [takmarkuð] hjá einstaklingum og félagasamtökum sökum skorts á mannafla og stundum þekkingu á ferlinu.“


„En almenningur vantar þjálfun í að koma skoðun sinni á framfæri. Einnig mikilvægt að skýrt sé að öll sjónarmið eru velkomin.“

„Hins vegar kann almenningur ekki að nýta sér aðgengið nema að takmörkuðu leyti. Þess vegna kemur oft til mótmæla þegar komið er að framkvæmdum, þótt umsagnarferli sé liðið og hafi ekki verið notað.“

„Matsskýrslur og fylgigögn eru orðnar of flóknar og stórar fyrir almenning. Bara sérfræðingar að skrifast á.“

Í **spurningu 8** voru þátttakendur beðnir að raða eftirfarandi markmiðum sbr. ákvæði 1. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum eftir mikilvægi, þar sem 1 er mikilvægast.


Flestir eða 63,5% töldu mikilvægast markmiðanna að draga eins og kostur er úr neikvæðum umhverfisáhrifum framkvæmda.



Mynd 5. Vinsamlegast raðaðu eftirfarandi markmiðum sbr. ákvæði 1. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum eftir mikilvægi, þar sem 1 er mikilvægast.

Í **spurningu 9** voru þátttakendur spurðir hvort þeir teldu að framlag sitt til matsferlisins væri líklegt til að hafa áhrif á endanlega útfærslu framkvæmdar og þar með umhverfisáhrif hennar. Auk þess var boðið upp á að gera athugasemdir við þessa spurningu.

Meirihluti eða 61,3% taldi eigið framlag til matsferlisins líklegt til að hafa áhrif en 19,4% ekki líklegt. Hafa ber hugfasta hér samsetningu hóps svarenda, en þátttakendur hafa mjög ólíka stöðu og forsendur til að svara þessari spurningu þar sem sumir eru fagaðilar, aðrir sveitarstjórnarmenn og enn aðrir úr hópi almennings (sjá spurningar 1-4, mynd 1).



Mynd 6. Telur þú að framlag þitt til matsferlisins sé líklegt til að hafa áhrif á endanlega útfærslu framkvæmdar og þar með umhverfisáhrif hennar?

Athugasemdir:

„Í sumum tilfellum, en alltof oft er framkvæmd komin talsvert langt í hönnun þegar almenningur loksins kemur að máli. Það geri ég athugasemdir við og því þyrfti að breyta. Þannig geta kostir þegar verið útilokaðir af hálfu framkvæmdaáðila sem fýsilegir gætu verið.“

„Mjög lítið mark er tekið á athugasemdum almennings og félagasamtaka“

„Fer eftir hvers eðlis athugasemdir eru og hversu snemma í ferli þeim er komið á framfæri“


„Vil trúá því - en efast þó oft...“

„Stundum ekki alltaf“

„Já og nei. Stundum er það hægt, stundum ekki.“

Í **spurningu 10** voru þátttakendur spurðir hversu mikil/lítill áhrif þeir telja að almenningur hafi á mat á umhverfisáhrifum.

Aðeins 21% svarenda töldu almenning hafa mikil eða mjög mikil áhrif en 46,7% töldu hann hafa lítil eða mjög lítil áhrif.



Mynd 7. Hversu mikil/lítill áhrif telur þú að almenningur hafi á mat á umhverfisáhrifum?

Athugasemdir:

„Það er eins og að klappa í stein að reyna að benda á sumar grundvallarstaðreyndir.“

„Ekki í dag - en trúin að hugmyndin sé að þróast og ferlið að verða virkara. Almenn tregða í „lýðræði“ á Íslandi skín þó gjarnan í gegn...“

„Mat á umhverfisáhrifum fékk mikið pláss í umræðunni þökk sé t.d. andstöðu almennings við Fljótsdalsvirkjun en, *nota bene*, lögunum var breytt eftir Kárahnjúkavirkjun til að þóknast framkvæmdaraðilum. Áhrif almennings voru mikil en stjórnvöld og framkvæmdaraðilar hafa frekar reynt að stoppa í þau göt sem auðveldaði almenningi að hafa áhrif.“


„Ef almenningur sýnir áhuga og kemur með greinargóðar athugasemdir og ábendingar getur það haft áhrif í matinu.“

„Fer eftir eðli athugasemda (hvort þær eru málefnalegar eða ekki) og fjölda athugasemda“

„Almenningur hefur ekki mikil áhrif en fær tækifæri til að tjá sig og vera upplýstur.“

Í **spurningu 11** voru þátttakendur beðnir að meta með hvaða hætti væri hægt að efla aðkomu almennings að mati á umhverfisáhrifum?

Þátttakendum gafst kostur á að svara fleiri en einum möguleika við þessa spurningu auk þess að gera athugasemd. Álíkar margir eða 46-47% töldu aukna kynningu/auglýsingu í matsferlinu og einföldun matsgagna vænlegustu leiðir til að efla aðkomu almennings en færri völdu aðra valkosti.



Mynd 8. Með hvaða hætti telur þú að hægt væri að efla aðkomu almennings að mati á umhverfisáhrifum?

Athugasemdir:

„Með því að nota skiljanlegra orðfæri en nú viðgengst í bæði lögum um umhverfismat og reglugerðum. Orðfærið er algjört torf.“

„Jafna aðstöðumun framkvæmdaraðila og almenningsamtaka og breyta skipulagslögum sem klárlega hygla framkvæmdaraðila sé það vilji sveitarfélagsins að ráðist verði í framkvæmdir.“

„Kynna betur fyrir fólki hugtakið mat á umhverfisáhrifum og hvað það felur í sér. Margir eru með fordóma gagnvart þessu hugtaki.“


„Að aðkoma almennings sé meiri á fyrri stigum ferlisins.“

„Að mennta íslenskan almenning í að taka þátt í ferlinu og í að koma skoðun sinni á framfæri. Að þess sé gætt að kynningarfundir snúist ekki upp í að vera klappstýrufundir fyrir framkvæmdinni, heldur að um sé að ræða eðlilega kynningarfundir þar sem öll sjónarmið eru skoðuð.“

„Birta ekki auglýsingar um athugasemdir t.d. með atvinnuauglýsingum (Atvinnublaði) eins og ég hef séð í Morgunblaðinu....“

Í **spurningu 12** var spurt hversu skilvirk þátttakendum fundist afgreiðsla/málsmeðferð í eftirfarandi þáttum ferlisins: Við ákvörðun matsskyldu, við vinnslu matsáætlunar, við vinnslu frummatsskýrslu, við vinnslu matsskýrslu.


Í öllum tilvikum var stærstur hluti (47-54%) sem taldi afgreiðslu/málsmeðferð vera nokkuð skilvirka.



Mynd 9. Hversu skilvirk finnst þér afgreiðsla/málsmeðferð í eftirfarandi þáttum ferlisins: Við ákvörðun matskyldu, við vinnslu matsáætlunar, við vinnslu frummatsskýrslu, við vinnslu matsskýrslu?

Í **spurningu 13** var fólk beðið að meta hvort þörf sé á því að einfalda málsmeðferð við mat á umhverfisáhrifum.


Meirihluti eða 58,7% svaraði játandi og taldi að einfalda þurfi málsmeðferð.



Mynd 10. Telur þú að einfalda þurfi málsmeðferð við mat á umhverfisáhrifum?

Í **spurningu 14** voru þátttakendur spurðir að því hvernig einfalda megi málsmeðferð við mat á umhverfisáhrifum. Spurningin birtist eingöngu þeim sem svarað höfðu spurningu 13 játandi. Að auki var gefin kostur á því að gera athugasemd.

Stærstur hluti (41,7%) þeirra sem taldi þurfa að einfalda matsferlið svaraði því til að stytta þyrfti ferlið. Álíka stór hluti eða 38,9% gerði þó sína eigin athugasemd.



Mynd 11. Hvernig telur þú að einfalda megi málsmeðferð við mat á umhverfisáhrifum?

Athugasemdir:

„Gera upplýsingar um hvar ferlið er statt aðgengilegri“

„Stytting gæti þýtt rýrnun á gæðum - sem má ekki verða. En skilvirkni í kerfinu/úrvinnslu gagna hjá matsaðila má eflaust bæta.“

„Með einföldun texta og bættu aðgengi að upplýsingum. Með því að fá óháða aðila til að framkvæma matið, sem eru ekki að skrifa inn í það ýmsa hluti sem framkvæmdaaðilar gera hiklaust til að hafa áhrif á útkomuna.“

„Auka möguleika á að meta margar sambærilegar framkvæmdir samtímis. Heildstætt mat fyrir margar sambærilegar framkvæmdir á landsvæði.“


„Mér sýnist matinu einkum ætlað að koma framkvæmdum í verk, ekki raunverulega að stöðva þær ef í ljós koma gallar.“

„Með aukinni kröfu um skýra og ítarlega upplýsingagjöf framkvæmdaaðila í upphafi ferlis. Ekki ætti að senda mál til umsagnaraðila ef upplýsingum í tilkynningarskýrslum er ábótavant. Það lengir ferlið og kostar mun meiri vinnu stjórnsluaðila.“

„Að haft sé samráð milli framkvæmdaaðila, ráðgjafa og umsagnaraðila um það hvaða þætti er mikilvægast að skoða varðandi viðkomandi framkvæmd.“

Í **spurningu 15** voru þátttakendur beðnir að taka afstöðu til eftirfarandi fullyrðingar: „Mat á umhverfisáhrifum skilar almennt góðum árangri sem tæki til umhverfisstjórnunar miðað við þann tíma, mannafla og fjármuni sem ferlið útheimtir.“


Heldur fleiri reyndust frekar/mjög sammála fullyrðingunni (43,5%) en frekar/mjög ósammála (37,%). Munurinn er þó ekki mikill.



Mynd 12. Mat á umhverfisáhrifum skilar almennt góðum árangri sem tæki til umhverfisstjórnunar miðað við þann tíma, mannafla og fjármuni sem ferlið útheimtir.

Í **spurningu 16** voru þátttakendur beðnir að taka afstöðu til eftirfarandi fullyrðingar: „Við mat á umhverfisáhrifum fer of mikil vinna í umhverfisþætti sem litlu máli skipta þegar upp er staðið.“


Mikill meirihluti eða 62,9% reyndist frekar/mjög sammála fullyrðingunni, of mikil vinna færi í umhverfisþætti sem litlu máli skipti.



Mynd 13. Við mat á umhverfisáhrifum fer of mikil vinna í umhverfisþætti sem litlu máli skipta þegar upp er staðið.

Í **spurningu 17** var spurt hvernig þátttakendum þætti kennsla og þjálfun í mati á umhverfisáhrifum vera á Íslandi. Að auki var boðið upp á að gera athugasemd í þessum lið.

Mikill meirihluti eða 69,1% taldi kennslu og þjálfun frekar eða mjög ábótavant. Stór hluti eða 32,7% var þó hlutlaus.



Mynd 14. Hvernig finnst þér kennsla og þjálfun í mati á umhverfisáhrifum vera á Íslandi?

Athugasemdir:

„Veit ekki vel. Mætti taka þetta inn í kennslu í framhaldsskólum, sem þátt af umhverfisfræðslu/eflingu lýðræðissamfélags?“


„Það er engin kennsla og þjálfun í boði.“

„Hún er góð þar sem hún fer fram í skólakerfinu, eftir því sem ég þekki til. En hún nær lítið til annarra en þeirra sem fara í skóla og það er enginn sem getur aðstoðað almenning í þessu máli nema gegn hárrí þóknun. Það vantar því nálgun fyrir venjulega borgara sem hafa hagsmuni og vilja taka þátt í lýðræðislegu vinnuferli við ákvarðanatöku.“

„Þekki lítið til kennslu og þjálfunar á þessu sviði.“

„Hef ekki hugmynd um það.“

Í **spurningu 18** var spurt hvort þátttakendum fyndist þörf á að auka rannsóknir á mati á umhverfisáhrifum. Að auk var boðið upp á að gera athugasemd í þessum lið. Mikill meiri hluti eða 61,7% taldi þörf á að auka rannsóknir.



Mynd 15. Finnst þér þörf á að auka rannsóknir á mati á umhverfisáhrifum?

Athugasemdir:


„Mikil þörf er á þessu, m.a. á sannprófun áhrifa og vöktun.“

„Rannsóknir á gagnsemi matsins“

„Mér finnst að þurfi að taka mark á skýrslum. Ekki að fjöldi manns eyði tíma í vinnu sem fyrirfram er ákveðið að ekki skulið tekið mark á.“

Í **spurningu 19** voru þátttakendur spurðir hversu einfalda/flókna þeir teldu málsmeðferð mats á umhverfisáhrifum vera.

Stærri hluti svarenda (53,4%) taldi málsfeðferð of flókna en þeir sem töldu hana hæfilega (44,8%). Nær engir töldu málsmeðferð of einfalda.



Mynd 16. Hversu einfalda/flókna telur þú málsmeðferð mats á umhverfisáhrifum vera?

3. VIÐHORF ALMENNINGS

2.1 Framkvæmd könnunar

Seinni hluti rannsóknarinnar var gerður með viðhorfskönnun á meðal almennings í Þingeyjarsýslum. Um var að ræða símakönnun. Úrtakið var 598 einstaklingar. Miðað var við 95% öryggisbil. Auk þess var reiknað með 55% svörun könnunarinnar við áætlun úrtaksstærðarinnar. Loks var reiknað með 80% hlutfalli íbúa á svæðinu með skráð símanúmer en það hlutfall er landsmeðaltal.


Útskriftarnemar Framhaldsskólans á Húsavík voru ráðir til verksins við að hringja út og leggja spurningalistann fyrir. Alls svöruðu 277 einstaklingar könnuninni sem er 46,32% svörun. 329 svör þurfti við könnuninni til þess að hún væri marktæk miðað við 95% öryggismörk. Það vantaði því 52 svör upp á að það markmið næðist. Engu að síður ættu svörin að gefa góða vísbendingu um afstöðu hópsins.

Spurningarnar voru í stórum dráttum þær sömu en sumum þeirra var breytt lítillega fyrir útgáfuna sem almenningur svaraði til einföldunar. Þetta var gert þannig að ekki teldist efnislegur munur á spurningunum. Þá var sumum spurningum málsaðila sleppt sem ekki þóttu eiga við almenning.

2.2 Svör almennings

Í **spurningu 1** voru þátttakendur spurðir hvort þeir hefðu komið að mati á umhverfisáhrifum framkvæmda.

Langfæstir svarenda höfðu komið að matinu eða 92,2%.⁵




Mynd 17. Hefur þú komið að mati á umhverfisáhrifum framkvæmda?

⁵ Eðli málsins samkvæmt var þessi spurning ekki lögð fyrir málsaðila (í fyrri hluta rannsóknar) enda málsaðild forsenda þátttöku þeirra í rannsókninni. Því hefðu þeir allir svarað játandi.

Í **spurningu 2** voru þeir þátttakendur sem höfðu komið að mati á umhverfisáhrifum spurðir með hvaða hætti það hefði verið.


Eðli máls samkvæmt eru fá svör á bakvið niðurstöðuna þar sem fæstir þátttakanda svörðuðu fyrstu spurningunni játandi og var þessi síðari því ekki borin upp við þá. Af þessum sökum er ekki hægt að draga miklar ályktanir af þessum hlutföllum svarenda, en langflestir eða 63,2% komu að málum sem einstaklingar eða í gegnum félagasamtök.



Mynd 18. Með hvaða hætti hefur þú komið að mati á umhverfisáhrifum framkvæmda?

Í **spurningu 3** var spurt hvort aðgengi almennings að mati á umhverfisáhrifum sé nægjanlega tryggt.


Athygli vekur að stærstur hluti svarenda meðal almennings eða 39,6% svarar „veit ekki“ sem getur bæði bent til þekkingar- og afstöðuleysis. Þeir sem telja aðgengi nægilega tryggt eru nánast alveg jafn margir og hinir sem telja það ekki vera. Nokkur munur er á svörum almennings við þessari spurningu og málsaðila við áþekkri spurningu (mynd 4) en málsaðilar töku skýrari afstöðu og töldu flestir aðgengi almennings nægilega gott.



Mynd 19. Telur þú að aðgengi almennings að mati á umhverfisáhrifum sé nægjanlega tryggt?

Í **spurningu 4** voru þátttakendur spurðir hvort þeir teldu að þátttaka almennings í mati á umhverfisáhrifum væri líkleg til að hafa áhrif á endanlega útfærslu framkvæmdar og þar með umhverfisáhrif.


Flestir eða 54,9% töldu aðkomu sína líklega til að hafa áhrif en mun færri eða 20,2% töldu svo ekki vera. Þetta er áþekk niðurstaða og í svörum málsaðila við spurningunni um það hvort þeirra aðkoma sé líkleg til að hafa áhrif (mynd 6).



Mynd 20. Telur þú að þátttaka almennings í mati á umhverfisáhrifum sé líkleg til að hafa áhrif á endanlega útfærslu framkvæmdar og þar með umhverfisáhrif hennar?

Í **spurningu 5**⁶ var spurt hversu mikil eða lítil áhrif þátttakendur telji að almenningur hafi á mat á umhverfisáhrifum.

Tæpur helmingur svarenda (48%) telur almenning hafa lítil eða mjög lítil áhrif á mat á umhverfisáhrifum, en stór hluti eða 29,4% er hlutlaus í afstöðu sinni. Einungis 22,7% telja almenning hafa mikil eða mjög mikil áhrif. Þessar niðurstöðu eru nær alvega samhljóma svörum málsaðila (mynd 7).




Mynd 21. Hversu mikil/lítil áhrif telur þú að almenningur hafi á mati á umhverfisáhrifum?

⁶ Málsaðilar voru spurðir nákvæmlega samskonar spurningu og þessari sem og öllum spurningum sem koma hér eftir.

Í **spurningu 6** var spurt með hvaða hætti þátttakendur telji að hægt væri að efla aðkomu almennings að mati á umhverfisáhrifum. Í þessari spurningu mátti velja fleiri en einn valkost.


Langflestir eða 65,9% völdu fyrsta kostinn, þ.e. að auka kynningu og auglýsingar. Aðra kosti völdu mun færri. Nokkur munur var á svörum málsaðila (mynd 8) og almennings við þessari spurningu þó í báðum tilvikum hefði þessi áhersla á aukna kynningu og auglýsingu komið fram.



Mynd 22. Með hvaða hætti telur þú að hægt væri að efla aðkomu almennings að mati á umhverfisáhrifum (hér mátti merkja við fleiri en einn valkost)?

Í **spurningu 7** var spurt hvort þátttakandi telji að einfalda þurfi málsmeðferð við mat á umhverfisáhrifum.


Afgerandi meirihluti (65,4%) taldi þurfa að einfalda málsmeðferð, sem er áþekkt og í svörum málsaðila í fyrri hluta rannsóknarinnar (mynd 10). Um fjórðungur almennings (24,4%) var þó hlutlaus í þessu, sem er eins og á fleiri stöðum hefur komið fram nokkru meira en hjá málsaðilum.



Mynd 23. Telur þú að einfalda þurfi málsmeðferð við mat á umhverfisáhrifum?

Í **spurningu 8** var spurt hvernig þátttakandi telji að einfalda megi málsmeðferð við mat á umhverfisáhrifum. Hér var jafnframt líka boðið upp á að gera athugasemd sem svar við spurningunni.

Meirihluti svarenda eða 54,9% vildi stytta matsferlið en stór hluti eða 37,8% taldi einnig þurfa að draga kröfum um nákvæmni gagna. Nokkru fleiri úr röðum almennings vildu draga úr kröfum um nákvæmni gagna en úr röðum málsaðila (37,8% á móti 19,4% sbr. mynd 11).



Mynd 24. Hvernig telur þú að einfalda megi málsmeðferð við mat á umhverfisáhrifum?

Athugasemdir:

[Nokkrar fleiri athugasemdir svipaðar þessum að neðan komu fram. Þær eru ekki allar birtar].

- „Þeir þurfa að tala mál sem almenningur skilur“
- „Ekki á fræðimáli“,
- „Hafa málsmeðferði á mannamáli, yfirleitt er málsmeðferð of fræðileg.“
- „Gera þetta aðgengilegra, auðveldara aflestrar,“
- „Hætta þessu "háskólatali" og monti, hafa það á mannamáli svo allir skilji.“
- „Einfalda málsmeðferð.“
- „Einfaldara, of flókið ferli.“
- „Almennt einfalda hlutina.“
- „Einfalda með því að leggja fyrir ákveðna nefnd, ekki einstaka ráðherra.“
- „Koma kerfisköllum út úr kerfinu.“
- „Fleiri fundi.“
- „Hafa þetta allt undir einum hatti.“
- „Setja skýrari reglur og málsfar.“
- „Auglýsa helstu þætti, afla svo upplýsingum ef þú hefur áhuga á að kynna þér betur.“
- „Meiri kynning og umræða.“
- „Skýra betur málefni.“

„Setja skýrt fram.“

„Með því að auka fræðslu.“

„Með betri kynningu.“

„Gera þetta sýnilegra.“

„Meta alla þætti samtímis.“

„Koma upplýsingum á framfæri á einfaldan hátt. t.d. fjölmiðlar.“

„Fá einhverja sem hafa þekkingu til að skila því til okkar.“

„Skýra umgjörðina“.


„Vera í meiri tengslum við heimafólk.“

„Tala við þá sem þekkja til.“

„Unnið á svæðinu.“

Í **spurningu 9** voru þátttakendur beðnir að taka afstöðu til fullyrðingarinnar: „Mat á umhverfisáhrifum skilar almennt góðum árangri sem tæki til umhverfisstjórnunar miðað við þann tíma, mannafla og fjármuni sem ferlið útheimtir“.


Fáir voru „mjög sammála“ þessari fullyrðingu en allmargir „frekar sammála“ (34,6%). Athygli vekur sem fyrr hversu stór hluti almennings er hlutlaus (38,6%).



Mynd 25. Mat á umhverfisáhrifum skilar almennt góðum árangri sem tæki til umhverfisstjórnunar miðað við þann tíma, mannafla og fjármuni sem ferlið útheimtir

Í **spurningu 10** voru þátttakendur beðnir að taka afstöðu til eftirfarandi fullyrðingar: „Við mat á umhverfisáhrifum fer of mikil vinna í umhverfisþætti sem litlu máli skipta þegar upp er staðið.“


Eins og áður er töluverður hluti þáttakenda hlutlaus (29,1%), en meirihluti (52,4%) er þó mjög eða frekar sammála því að of mikil vinna fari í umhverfisþætti sem litlu máli skipta. Nokkur munur var á svörum málsaðila og almennings við þessari fullyrðingu. Helst að því leyti að almenningur er hlutlausari en einnig má sjá að almenningur tekur ekki eins afgerandi afstöðu þar sem lægra hlutfall svarenda er „mjög“ sammála eða ósammála.



Mynd 26. Við mat á umhverfisáhrifum fer of mikil vinna í umhverfisþætti sem litlu máli skipta þegar upp er staðið

Í **spurningu 11** voru þátttakendur spurðir hversu einfalda eða flókna þeir teldu málsmeðferð við mat á umhverfisáhrifum vera.

Afgerandi meirihluti (72%) taldi málsmeðferðina vera of flókna, en um fjórðungur taldi hana hæfilega. Þó meginatriði væru áþekk er þetta töluvert hærra hlutfall en hjá málsaðilum, en 53,4% þeirra töldu málsmeðferðina of flókna (mynd 16). Afar fáir töldu málsmeðferðina of einfalda úr báðum hópum (<2%).



Mynd 27. Hversu einfalda/flókna telur þú málsmeðferð mats á umhverfisáhrifum vera?

4. NIÐURSTÖÐUR

4.1 Niðurstaða - málsaðilar

Í könnuninni meðal málsaðila kemur fram að málsaðilar í heild telja að löggjöf um mat á umhverfisáhrifum sé í sjálfu sér skýr og ferlið nokkuð skilvirkt þó ýmislegt megi betur fara. Einnig kemur fram það viðhorf að málsmeðferð sé heldur flókin og þörf sé á því að einfalda ferlið.

Eitt yfirlýst markmið í löggjafarinnar er að stuðla að aukinni þátttöku almennings. Í því ljósi vekur athygli að einungis 21% málsaðila töldu að almenningur hefði yfir höfuð einhver áhrif, líkt og fram kemur í svörum við spurningu nr. 10.

Afgerandi afstaða kemur fram meðal þátttakenda til vöntunar á kennslu og þjálfun í mati á umhverfisáhrifum. Meirihluti, eða 56,4%, telur kennslu og þjálfun vera frekar eða mjög ábótavant en einungis 10,9% telja þennan þátt í mjög eða frekar góðu lagi.

Athyglisvert er að rúmur meirihluti allra hópa meðal málsaðila telur þörf á að einfalda matsferlið. Þátttakendur voru einnig beðnir að taka afstöðu til þess hversu einfalda/flókna þeir teldu málsmeðferð mats á umhverfisáhrifum vera. Flestir svöruðu því til að ferlið væri of flókið. Þó voru margir þeirrar skoðunar að það væri hæfilegt. Ef skipting svara á milli hópa meðal málsaðila er skoðuð, kemur í ljós að meirihluti almennings og framkvæmdaraðila telur ferlið of flókið og athyglisvert er að allir í hópi sveitarstjórnarmanna telja það of flókið.

Ein niðurstaða þessa hluta er sú að skilvirkni mats á umhverfisáhrifum virðist heilt á litið ásættanleg hér á landi. Hins vegar virðist framkvæmdin ekki að öllu leyti þjóna þeim markmiðum sem að er stefnt með lögum um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000. Ekki verður séð að því markmiði að kynna fyrir almenningi umhverfisáhrif framkvæmdar og að almenningur komi að athugasemdum og upplýsingum áður en álit Skipulagsstofnunar liggur fyrir sé náð fullilega. Almennir virðist samkvæmt þessum niðurstöðum skorta þekkingu á þessu sviði og því upplifa sig máttvana. Þá skortir fólk tiltrú á matsferlinu.

4.2 Niðurstaða – almenningur

Það fyrsta sem tekið er eftir við niðurstöður úr þessum hluta var hversu lágt hlutfall aðspurðra kom að mati á umhverfisáhrifum, eða 7,8%. Þó er ljóst að mat á umhverfisáhrifum var nokkuð áberandi á rannsóknarsvæðinu á norðausturhorni landsins á þessu töluvert langa tímabili, enda ýmis áform uppi um virkjanaf framkvæmdir og iðnað⁷. Einungis hluti þessa lága hlutfalls kom svo að matinu á eigin vegum eða félagasamtaka. Aðrir komu að matinu starfs síns vegna t.d. sem sveitarstjórnarmenn. Því er hlutfall þeirra sem koma að mati á umhverfisáhrifum af fúsum og frjálsum vilja í eigin nafni eða félagasamtaka í raun enn lægra en 7,8%, eða 4,9%.

Tæpur þriðjungur aðspurðra telja að aðgengi almennings að mati á umhverfisáhrifum sé nægilega tryggt sem er ekki svo hátt hlutfall. Ennfremur er innan við fjórðungur þátttakenda sem telja að almenningur hafi áhrif á mat á umhverfisáhrifum yfir höfuð, þar af einungis rúm 4% mjög mikil áhrif.

⁷ Sbr. matsvinna sem tengdist áformum um virkjanir og línulagnir á Þeistareykjasvæði, við Kröflu og Bjarnarflag auk iðnaðaruppbyggingu á Bakka við Húsavík.

Í rannsókninni kemur glögglega fram sú skoðun að einfalda þurfi matsferlið. Sú skoðun þátttakanda er svo staðfest í síðustu spurningunni þar sem yfir 70% segja málsmeðferðina vera of flókna á meðan rúmlega fjórðungur telur hana hæfilega. Aðspurðir sýndu nokkuð skýra niðurstöðu þegar spurt var hvernig mætti einfalda mat á umhverfisáhrifum. Rúmlega helmingur taldi að það mætti gera með því að stytta matsferlið, til dæmis með því að taka út einstaka þætti. Auk þess taldi rúmlega þriðjungur að hægt væri að einfalda matið með því að draga úr kröfum um nákvæmni gagna. Aðrir kostir voru lítið valdir.

Í þeim tveimur fullyrðingum sem settar voru fram og aðspurðir beðnir að taka afstöðu til mátti eins og áður er rakið lesa úr mikið hlutleysi. Tæp 40% í þeirri fyrri en tæp 30% í þeirri seinni.

Þegar öllu er á botninn hvolft má segja að það sé sjálfstæð niðurstaða útaf fyrir sig hversu stór hluti almennings reyndist óákveðinn og svarar spurningunum með „veit ekki“ eða „hvorki né“. Þátttakendur voru í flestum tilfellum fremur óákveðnir og höfðu litla skoðun á viðfangsefninu. Þetta kom einnig glögglega fram í samtölum við þátttakendur á meðan spurningalistinn var lagður fyrir. En það er engu að síður fleira sem situr eftir. Ljóst er að almenningur telur mat á umhverfisáhrifum flókið ferli og of óaðgengilegt. Ástæða sé til þess að það sé einfaldað. Jafnframt má segja að tiltrú almennings á eigin innleggi í matsferlið sé frekar lífil.

4.3 Niðurstaða - samanburður


Þegar horft er til beggja þátta rannsóknarinnar, þ.e. viðhorfskannananna meðal *i)* málsaðila og *ii)* almennings, er hægt að draga fram ákveðin meginatriði.⁸ Þessi meginatriði eru í hnotskurn af tvennum toga og í báðum tilvikum svolítið þversagnarkennd við fyrstu sýn:

- a) Málsmeðferðin er þökkalega skilvirk og löggjöfin skýr. Matsferlið í framkvæmd er þó heldur flókið fyrir almenning og þarfnast einföldunar.
- b) Aðgangur og réttur almennings er áscættanlegur til að koma sjónarmiðum á framfæri. Almenningur stendur þrátt fyrir það að miklu leyti utan matsferlisins.

⁸ Hafa þer hugfast að kannanirnar tvær sem hér hefur verið greint frá eru ekki nákvæmlega samhljóða, sbr. viðaukar 1 og 2. Ástæðan er sú að við prófanir á spurningalistanum sem lagður var fyrir málsaðila, fyrir almenning, kom í ljós að fáeinir spurningarnar þóttu of ítarlegar eða tæknilegar. Þær spurningar voru einfaldaðar lítið eitt en teljast engu að síður samanburðarhæfar.


Heilt yfir má segja að hlutleysi almennings sé áberandi í svörum. Í öllum tilvikum er það meira en hjá málsaðilum og í sumum tilvikum mjög mikið. Þetta leiðir að því rök að almenningur hafi takmarkaða innsýn í eða þekkingu á mati á umhverfisáhrifum hvað sem líður formlegum rétti til að komu að ferlinu. Mjög lágt hlutfall almennings sem kom að matsferlum á rannsóknartímanum með formlegum hætti að eigin vali (<5%) styður þetta.

Þótt þessi meginatriði megi draga sameiginlega fram með samanburðinum má sjá nokkurn mun í sumum tilfellum á milli skoðanna málsaðila annars vegar og almennings hinsvegar. Þannig var um 50% málsaðila á því að aðgengi að matsferlinu væri gott á meðan innan við þriðjungur almennings var á þeirri skoðun. Í öðrum svörum við áþekktum spurningum mátti einnig sjá mun í þá veru að almenningur taldi aðgengileika og skilvirkni matsferlisins síðri en málsaðilar. Þessi munur skerpist nokkuð þegar svör framkvæmdaraðila og ráðgjafa eru skoðuð sérstaklega í samanburði við aðra.




Mynd 28. Mismunur á skoðunum málsaðila og almennings á því hvort aðgengi að mati á umhverfisáhrifum sé gott.

Á fleiri stöðum má lesa út úr gögnunum að almenningur hafi minni skoðanir á málefninu en málsaðilar. Fullyrðingarnar tvær sem settar voru fram til að fá afstöðu þátttakanda er merki um það. Í báðum tilfellunum var almenningur með mun hærra hlutfall af hlutlausum svörum en málsaðilar. Sömuleiðis er áberandi að í fullyrðingunum tveimur eru töluvert fleiri málsaðilar en almenningur sem velja annaðhvort „mjög sammála“ eða „mjög ósammála“ sem gefur til kynna að málsaðilar hafi sterkari skoðanir á málefninu en almenningur.



Mynd 29. „Mat á umhverfisáhrifum skilar almennt góðum árangri sem tæki til umhverfisstjórnunar miðað við þann tíma, mannafla og fjármuni sem ferlið útheimtir“. Samanburður á svörum málsaðila og almennings.



Mynd 30. „Við mat á umhverfisáhrifum fer of mikil vinna í umhverfisþætti sem litlu máli skipta þegar upp er staðið“. Samanburður á svörum málsaðila og almennings.

Í þeim athugasemdum sem almenningi var boðið upp á að gera við sumar spurninganna kom ítrekað fram að þeim fyndist matsferlið flókið og einföldunar væri þörf. Sú skoðun kom í ljós þegar spurt var um hversu einföld eða flókin málsmeðferðin væri þar sem almenningur sagði í 72% tilfella að hún væri of flókin sem var tæpum 20 prósentum meira en hjá málsaðilum.

Samandregnar einfaldaðar meginniðurstöður:

- **Almenningur ...**
 - ... hefur ásættanlegt aðgengi að matsferlinu til að koma sjónarmiðum á framfæri,
 - ... kemur þó mjög lítið að mati á umhverfisáhrifum framkvæmda með beinum hætti (<5%),
 - ... er frekar skeytingarlaus/hlutlaus gagnvart mati á umhverfisáhrifum,
 - ... hefur litla tiltrú á eigin áhrifum í matsferlinu,
 - ... hefur takmarkaða þekkingu á mati á umhverfisáhrifum.
- **Matsferlið ...**
 - ... þykir málsaðilum frekar skýrt og skilvirkt en almenningi síður,
 - ... þykir bæði almenningi og málsaðilum of flókið,
 - ... nær ekki vel lögbundnum markmiðum sínum hvað varðar kynningu og þátttöku almennings⁹,
 - ... þarf að einfalda. Helst með því að ...
 - a) ... stytta ferlið, t.d. með því að taka út einstaka þætti,
 - b) ... draga úr kröfum um nákvæmni gagna.

⁹ Sjá grein 1-d um markmið í lögum nr. 106/2000: „að kynna fyrir almenningi umhverfisáhrif framkvæmda sem falla undir ákvæði laga þessara og mótvægisáðgerðir vegna þeirra og gefa almenningi kost á að koma að athugasemdum og upplýsingum áður en álit Skipulagsstofnunar um mat á umhverfisáhrifum framkvæmdar liggur fyrir.“

5. UMRÆÐA

Ein meginniðurstaða þessarar rannsóknar er að almenningur komi almennt of lítið að mati á umhverfisáhrifum, þyki matsferlið of flókið, hafi takmarkaða þekkingu á ferlinu og sé fremur skeytingarlaus gagnvart því.

En þó báðir hlutar rannsóknarinnar dragi fram þessa niðurstöðu er sú ályktun ekki sjálfgefin í kjölfarið að almenningur hafi ekki nægileg tækifæri eða rétt til að koma sjónarmiðum á framfæri.¹⁰ Í rannsókninni koma þó vissulega fram ákveðin sjónarmið hjá þátttakendum sem kalla á breytingar á lagaumhverfinu ef ætti að uppfylla þau til fulls. Þessi sjónarmið eru t.d. krafa um að einfalda málsmeðferð með því að stytta ferlið eða taka út einstaka þætti.¹¹ Fyrir liggur þó að lögum samkvæmt eru töluverðir möguleikar fyrir almenning til að koma að sjónarmiðum og hafa áhrif í ferlinu og má raunar sjá jákvætt viðhorf til þessara möguleika í núverandi lagaumhverfi að nokkru leyti koma fram í rannsókninni.¹²

Af ofangreindri meginniðurstöðu leiðir því þrátt fyrir allt alls ekki sjálfkrafa að laga- eða kerfisbreytinga sé þörf til að einfalda meginþætti matsferlisins eða ná fram úrbótum varðandi aðkomu almennings. Hitt er nærtækara að horfa fyrst til þeirra leiða sem mögulegar eru til úrbóta innan núverandi lagaramma til að efla þátttöku og vitund almennings í matsferlinu. Kenna fólki að nýta sér rétt sinn og möguleika og endurhugsa áherslur að nokkru leyti. Í þeim efnum má ætla að hægt sé að gera betur. Niðurstöður birta glögglega það almenna viðhorf allra hópa viðmælenda í rannsókninni að kennslu og þjálfun á þessu sviði sé verulega ábótavant.¹³ Ein leiðin til úrbóta er því væntanlega að bregðast við með aukinni fræðslu og miðlun fyrir almenning og þá ekki eingöngu fyrir fagaðila sem starfa við mat á umhverfisáhrifum heldur fyrst og fremst almenna borgara.

Dæmi um aðgerðir til úrbóta í þessum efnum sem fæstar útheimta breytingar á lagaumhverfinu gætu verið eftirfarandi:

- **NÝ VEFGÁTT Á HEIMASÍÐUM SKIPULAGSSTOFNUNAR OG/EÐA UMHERFIS- OG AUÐLINDARÁÐUNEYTIS.**
 - „One stop shop“ fyrir athugasemdir almennings við mat á umhverfisáhrifum og skipulagsáætlanir í afgreiðsluferli.
 - Hnappur á forsíðum með sjálfvirkt athugasemdaform á bak við. Viðmót verði einfalt og hvetjandi til að ná fram sjónarmiðum almennings.
- **LEIÐBEININGAR UM MAT Á UMHERFISÁHRIFUM SÉRSDIÐNAR FYRIR ALMENNING**
 - Prentbæklingur og vefefni sett fram með myndrænum, skýrum hætti.
 - Ekki tæknileg eða lagaleg atriði eða ítarleg handleiðsla í gerð matsgagna líkt og hentar fremur framkvæmdaraðilum/ráðgjöfum.
- **AUGLÝSINGAR/FRÉTTATILKYNNINGAR SETTAR FRAM MEÐ BREYTTUM HÆTTI**
 - Aukin áhersla á vefmiðla með víðari útbreiðslu en prentmiðlar hafa, s.s mbl.is, visir.is og staðarvefmiðla. Í staðinn fyrir hefðbundnar raðauglýsingar í prentmiðlum.
- **KYNNINGARFUNDIR/OPIN HÚS NOTUÐ MARKVISST TIL AÐ NÁ FRAM SJÓNARMÍÐUM ALMENNINGS**
 - Skipulagsstofnun komi meira að skipulagi og framkvæmd kynninga.

¹⁰ Sjá svör við spurningu 3 í viðhorfskönnun meðal almennings og spurningu 7 meðal málsaðila.

¹¹ Sjá svör við spurningum 7 og 11 í viðhorfskönnun meðal almennings.

¹² Sjá svör og athugasemdir við spurningum 6 og 7 í viðhorfskönnun meðal málsaðila.

¹³ Sjá athugasemdir við spurningar nr. 7 og 11 auk svara og athugasemda við spurningu nr. 17 í fyrri hluta rannsóknar, þ.e. viðhorfskönnun meðal málsaðila.

- Tekið verði við formlegum athugasemdum almennings á kynningarfundum/opnu húsi, s.s. með uppsettri fölvu á staðnum eða „athugasemdakassa“ og eyðublöðum.
- **BREYTA ORÐFÆRI OG HUGTAKANOTKUN TIL EINFÖLDUNAR**
 - Miða orðaval og texta við þarfir almennings; aðgengleg og auðlesin hugtök.
 - Dæmi um orðaval/hugtök til endurskoðunar: „Frummatsskýrsla - matsskýrsla“, „tillaga að matsáætlun – matsáætlun“. „drög að tillögu að matsáætlun“ o.fl.
- **SKARPARI VINSUN GAGNA OG RANNSÓKNA SEM GERÐ ER KRAFA UM**
 - Tíma/fjármunum verði ekki varið í of nákvæmar rannsóknir sem skipta litlu máli.
 - Hugsanlega dregið úr kröfu um nákvæmni gagna/rannsóknna einstakra þátta.
 - Ferlið gert léttara í framkvæmd, aðgengilegra fyrir almenning.

Kannski er það raunin að lögin sem slík og sú framkvæmd sem hefur mótast á undanförunum árum sé meira sniðin að þörfum framkvæmdaraðila og stofnana en almennings? Vísbendingar um þetta koma fram í svörum þátttakenda beggja hluta þessarar rannsóknar.

Við blasir að auka þarf tiltrú almennings og um leið þátttöku, til þess að framkvæmdin nái þeim markmiðum sem að er stefnt. Lög um mat á umhverfisáhrifum veita almenningi tiltekinn rétt sem fólk virðist ekki kunna að eða vilja nýta í nægilegum mæli. Segja má að ofangreindar úrbótatillögur, (sem að sjálfsögðu eru eingöngu hugmyndir til skoðunar), falli að mestu undir verksvið Skipulagsstofnunar og umhverfis- og auðlindaráðuneytisins¹⁴. Þær byggja á þeirri grunnforsendu að endurhugsa framkvæmd og verkferla í mati á umhverfisáhrifum í þá veru að aðkoma almennings verði í öndvegi. Ferlið miðist við þarfir og hagsmuni almennings ekki síður en framkvæmdaraðila og stofnana. Slíkt þarf ekki endilega að útheimta laga- eða kerfisbreytingu heldur stefnumörkun þeirra aðila sem hafa lögbundnu hlutverki að gegna í málaflokknum.

¹⁴ Skv. 4 gr. laga nr. 106/2000 og 5 gr. reglugerðar nr. 1123/2005.

HEIMILDASKRÁ

Auður Ýr Sveinsdóttir (Ritstj.). (2005/2012). *Leiðbeiningar um mat á umhverfisáhrifum framkvæmda*. Reykjavík: Skipulagsstofnun.

Álit umboðsmanns Alþingis nr. 2210/1997.

Frumvarp til laga um breytingar á lögum um mat á umhverfisáhrifum, nr. 106/2000, og skipulags, og byggingarlögum, nr. 73/1997 þskj. 241 og , 235. mál.
Vefútgáfa Alþingistíðinda, slóð: <http://www.althingi.is/altext/131/s/1465.html>.
[Sótt á vefinn 30.12.2012].

Frumvarp til laga um mat á umhverfisáhrifum, nr. 106/2000 þskj. 644, 386. mál.
Vefútgáfa Alþingistíðinda, slóð: <http://www.althingi.is/altext/125/s/0644.html>.
[Sótt á vefinn 30.12.12].

Lög um breytingu á lögum um mat á umhverfisáhrifum nr. 74/2005.

Lög um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000.

Lög um mat á umhverfisáhrifum nr. 63/1993.

Lög um menningarminjar nr. 80/2012.

Lög um úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála nr. 130/2011.

Páll Hreinsson. (1994). *Stjórnsýslulögin – Skýringarrit*. Reykjavík: Forsætisráðuneytið.

Rakel D. Magnúsdóttir. (2013). *Skilvirkni og framkvæmd mats á umhverfisáhrifum*. Akureyri: Háskólinn á Akureyri. BS-ritgerð við viðskipta- og raunvísindadeild.

Reglugerð nr. 1123/2005 um mat á umhverfisáhrifum.

Skipulagslög nr. 123/2010.

Skipulagsstofnun. (á.á.). *Mat á umhverfisáhrifum*. Skoðað 17.11.2012 á
Slóð: <http://www.skipulagsstofnun.is/umhverfismat/>.

Sveitarstjórnarlög nr. 138/2011.

Umhverfis- og auðlindaráðuneyti. (2012). *Um ráðuneytið*. Skoðað 17.11.2012 á
Slóð: <http://www.umhverfisraduneyti.is/um-raduneytid/>
Slóð: <http://www.umhverfisraduneyti.is/stofnanir>.

Umhverfisstofnun. (á.á.). *Hlutverk og verkefni*. Skoðað 17.11.2012 á
Slóð: <http://www.umhverfisstofnun.is/umhverfisstofnun/hlutverk-og-stefna/hlutverk-og-verkefni>.

VSÓ-ráðgjöf. (2011). *Skilvirkni mats á umhverfisáhrifum. Viðhorf framkvæmdaraðila, umsagnaraðila, sérfræðinga, ráðgjafa og hagsmunaaðila*. (Tölvupóstkönnun meðal fagaðila; Úrtak: 180, svörun 50/28%).

VIÐAUKI 1

Spurningalisti málsaðila

Tölvupóstkönnun úr forritinu SurveyMonkey

1. Kyn
 - a. Kvk
 - b. Kk
2. Aldur
 - a. 18-25
 - b. 26-35
 - c. 36-45
 - d. 46-55
 - e. 56-65
 - f. 66+
3. Búseta
 - a. Póstnúmer _____
4. Með hvaða hætti hefur þú komið að mati á umhverfisáhrifum framkvæmda?
 - a. Framkvæmdaraðili
 - b. Ráðgjafi
 - c. Opinber umsagnaraðili (annar en sveitarfélag)
 - d. Sveitarstjórn
 - e. Almennigur (einstaklingar; félagsamtök)
5. Hversu mörgum verkefnum í mati á umhverfisáhrifum hefur þú komið að með formlegum hætti (t.d. unnið að matsskýrslu, álit/ákvörðunum, gert athugasemd, umsögn o.s.frv.)
 - a. 1-2
 - b. 3-5
 - c. Fleiri
6. Hversu skýr telur þú lög nr. 106/2000 og reglugerð nr. 1123/2005 um mat á umhverfisáhrifum vera?
 - a. Mjög skýr
 - b. Frekar skýr
 - c. Í meðallagi
 - d. Frekar óskýr
 - e. Mjög óskýr
 - f. Veit ekki
7. Telur þú að aðgengi almennings að mati á umhverfisáhrifum sé nægjanlega tryggt, með lögum nr.106/2000 og reglugerð nr.1123/2005 um mat á umhverfisáhrifum?
 - a. Já
 - b. Nei
 - c. Veit ekki
 - d. Athugasemd
8. Vinsamlegast raðaðu eftirfarandi markmiðum sbr. ákvæði 1. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum eftir mikilvægi, þar sem 1 er mikilvægast. (Ath. að möguleikarnir endurraðast eftir því vægi sem þú gefur þeim).
 - a. Að draga eins og kostur er úr neikvæðum umhverfisáhrifum framkvæmdar
 - b. Að stuða að samvinnu þeirra aðila sem hafa hagsmuna að gæta eða láta sig málið varða vegna framkvæmda
 - c. Að kynna fyrir almenningi umhverfisáhrif framkvæmda og gefa þeim kost á að koma að athugasemdum og upplýsingum
9. Telur þú að framlag þitt til matsferlisins sé líklegt til að hafa áhrif á endanlega útfærslu framkvæmdar og þar með umhverfisáhrif hennar?
 - a. Já
 - b. Nei
 - c. Hvorki né
 - d. Athugasemd
10. Hversu mikil/lítil áhrif telur þú að almenningur hafi á mat á umhverfisáhrifum?
 - a. Mjög mikil
 - b. Mikil
 - c. Hvorki né
 - d. Lítil
 - e. Mjög lítil
 - f. Athugasemd
11. Með hvaða hætti telur þú að hægt væri að efla aðkomu almennings að mati á umhverfisáhrifum?
 - a. Með aukinni kynningu og auglýsingu í matsferlinu.
 - b. Veita almenningi fleiri tækifæri til þess að koma að athugasemdum.
 - c. Með betri leiðbeiningum

- d. Gera matsskýrslur og -gögn einfaldari aflestrar
 - e. Með betri samantektarskýrslu
 - f. Ég tel ekki þörf á frekari aðkomu almennings.
 - g. Annað
12. Hversu skilvirk finnst þér afgreiðsla/málsmeðferð í effirfarandi þáttum ferlisins:
- a. Við ákvörðun um matsskyldu
 - b. Við vinnslu matsáætlunar
 - c. Við vinnslu frummatsskýrslu
 - d. Við vinnslu matsskýrslu
 - i. Mjög skilvirk
 - ii. Nokkuð skilvirk
 - iii. Hvorki né
 - iv. Nokkuð óskilvirk
 - v. Mjög óskilvirk
13. Telur þú að einfalda þurfi málsmeðferð við mat á umhverfisáhrifum?
- a. Já
 - b. Nei
 - c. Veit ekki
14. Hvernig telur þú að einfalda megi málsmeðferð við mat á umhverfisáhrifum?
- a. Draga úr kröfum um nákvæmni gagna
 - b. Draga úr samráði við umsagnaraðila og/eða almenning
 - c. Stytta afgreiðslufresti
 - d. Stytta matsferlið, t.d. með því að taka út einstaka þætti.
 - e. Athugasemd
15. Mat á umhverfisáhrifum skilar almennt góðum árangri sem tæki til umhverfisstjórnunar miðað við þann tíma, mannafla og fjármuni sem ferlið útheimtir.
- a. Mjög sammála
 - b. Frekar sammála
 - c. Hlutlaus
 - d. Frekar ósammála
 - e. Mjög ósammála
16. Við mat á umhverfisáhrifum fer of mikil vinna í umhverfisþætti sem litlu máli skipta þegar upp er staðið.
- a. Mjög sammála
 - b. Frekar sammála
 - c. Hlutlaus
 - d. Frekar ósammála
 - e. Mjög ósammála
17. Hvernig finnst þér kennsla og þjálfun í mati á umhverfisáhrifum vera á Íslandi?
- a. Mjög góð
 - b. Frekar góð
 - c. Hvorki né
 - d. Frekar ábótavant
 - e. Mjög ábótavant
 - f. Athugasemd
18. Finnst þér þörf á að auka rannsóknir á mati á umhverfisáhrifum?
- a. Já
 - b. Nei
 - c. Hvorki né
 - d. Athugasemd
19. Hversu einfalda/flókna telur þú málsmeðferð mats á umhverfisáhrifum vera?
- a. Of flókin
 - b. Hæfileg
 - c. Of einföld

VIÐAUKI 2

Spurningalisti almennings

Símakönnun

1. Kyn
 - a. Kvk
 - b. Kk
2. Aldur
 - a. 18-25
 - b. 26-35
 - c. 36-45
 - d. 46-55
 - e. 56-65
 - f. 66+
3. Búseta
 - a. Póstnúmer _____
4. Hvaða menntun hefur þú lokið?
 - a. Grunnskólaprófi eða sambærulegu prófi
 - b. Starfsnám í framhaldsskóla (s.s. sjúkraliða, matartækni ofl.)
 - c. Iðnskólaprófi (s.s. trésmíði, hársnyrting ofl.)
 - d. Stúdentsprófi
 - e. Háskólanámi
5. Hver er staða þín á vinnumarkaði
 - a. Í vinnu
 - b. Í námi
 - c. Atvinnuleytandi
 - d. Án vinnu sökum örorku
 - e. Heimavinnandi
 - f. Í tímabundnu orlofi frá vinnu
6. Hefur þú komið að mati á umhverfisáhrifum framkvæmda?
 - a. Já
 - b. Nei
7. Með hvaða hætti hefur þú komið að mati á umhverfisáhrifum framkvæmda?
 - a. Framkvæmdaraðili
 - b. Ráðgjafi
 - c. Opinber umsagnaraðili (annar en sveitarfélag)
 - d. Sveitarstjórn
 - e. Almennings (einstaklingur eða félagsamtök)
8. Telur þú að aðgengi almennings að mati á umhverfisáhrifum sé nægjanlega tryggt?
 - a. Já
 - b. Nei
 - c. Veit ekki
9. Telur þú að þátttaka almennings í mati á umhverfisáhrifum sé líkleg til að hafa áhrif á endanlega útfærslu framkvæmdar og þar með umhverfisáhrif hennar?
 - a. Já
 - b. Nei
 - c. Hvorki né
10. Hversu mikil/lítil áhrif telur þú að almenningur hafi á mat á umhverfisáhrifum?
 - a. Mjög mikil
 - b. Mikil
 - c. Hvorki né
 - d. Lítil
 - e. Mjög lítil
11. Með hvaða hætti telur þú að hægt væri að efla aðkomu almennings að mati á umhverfisáhrifum? (má merkja í fleiri en einn valkost)
 - a. Með aukinni kynningu og auglýsingu í matsferlinu
 - b. Veita almenningi fleiri tækifæri til þess að koma að athugasemdum
 - c. Með betri leiðbeiningum
 - d. Gera matsskýrslur og gögn einfaldari aflestrar
 - e. Með betri samantektarskýrslu
 - f. Ég tel ekki þörf á frekari aðkomu almennings
12. Telur þú að einfalda þurfi málsmeðferð við mat á umhverfisáhrifum?
 - a. Já

- b. Nei
 - c. Veit ekki
13. Hvernig telur þú að einfalda megi málsmeðferð við mat á umhverfisáhrifum?
- a. Draga úr köfum um nákvæmni gagna
 - b. Draga úr samráði við umsagnaraðila og/eða almenning
 - c. Stytta afgreiðslufresti
 - d. Stytta matsferlið, t.d. með því að taka út einstaka þætti
 - e. Annað (vinsamlegast tilgreinið)
14. Hversu sammála ertu effirfarandi fullyrðingu: Mat á umhverfisáhrifum skilar almennt góðum árangri sem tæki til umhverfisstjórnunar miðað við þann tíma, mannafla og fjármuni sem ferlið útheimtir
- a. Mjög sammála
 - b. Frekar sammála
 - c. Hlutlaus
 - d. Frekar ósammála
 - e. Mjög ósammála
15. Við mat á umhverfisáhrifum fer of mikil vinna í umhverfisþætti sem litlu máli skipta þegar upp er staðið.
- a. Mjög sammála
 - b. Frekar sammála
 - c. Hlutlaus
 - d. Frekar ósammála
16. Mjög ósammála Hversu einfalda/flókna telur þú málsmeðferð mats á umhverfisáhrifum vera?
- a. Of flókin
 - b. Hæfileg
 - c. Of einföld